# Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar

# Ársskýrsla 2025



Innviðaráðuneytið

Vegagerðin

Samgöngustofa

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

**INNGANGUR** ..... **4**

**1. UMFERÐARÖRYGGISRÁÐ** ..... **4**

**2. SAMRÁÐSHÓPUR UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUNAR** ..... **4**

**3. FJÁRHAGSÁÆTLUN** ..... **5**

**4. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2025: VEGFARENDUR** ..... **6**

4.1. SJÁLFVIRKT HRAÐAEFTIRLIT, MÆLISTAÐIR, EIGNAKAUP, VIÐHALD OG REKSTUR ..... 6
4.2. ÚRVINNSLA GAGNA ÚR SJÁLFVIRKUM LÖGGÆSLUMYNDAVÉLUM ..... 9
4.3. SÉRSTAKT EFTIRLIT LÖGREGLU MEÐ HRAÐAKSTRI ..... 9
4.4. AUGLÝSINGAR, KYNNINGAR OG FRÆÐSLA FYRIR ALMENNING ..... 9
*Þróun umferðarhraða ..... 11*
*Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag ..... 12*
4.5. FRÆÐSLA TIL BARNA OG UNGMENNA ..... 14
*Fræðsla í leikskólum ..... 14*
*Fræðsla í grunnskólum ..... 14*
*Fræðsla í framhaldsskólum ..... 15*
4.6. FRÆÐSLA TIL ERLENDRA ÖKUMANNA ..... 16
4.7. SLYSASKRÁNING ..... 17
4.8. STARFSMANNA- OG FRÆÐSLUKOSTNAÐUR ..... 17
4.9. ÖNNUR VERKEFNI OG ÓFYRIRSÉÐ ..... 18
*Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa ..... 18*
*Göngum í skólann ..... 18*
*Vorfagnaður bifhjólafólks ..... 18*

**5. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2025: VEGAKERFI** ..... **19**

5.1. EYÐING SVARTBLETTA, LAGFÆRINGAR Á UMHVERFI VEGA OG UPPSETNING VEGRIÐA ..... 19
5.2. UNDIRGÖNG FYRIR BÚFÉ OG HVÍLDARSVÆÐI VIÐ ÞJÓÐVEGI ..... 20
5.3. ÝMIS VERKEFNI OG ÓFYRIRSÉÐ, ÖRYGGISSTJÓRNUN VEGAMANNVIRKJA ..... 21
*Heildstætt mat á umferðaröryggi vegakerfisins ..... 21*
*Umferðaröryggisúttekt á vegum sem liggja að og frá jarðgöngum ..... 21*
*Bættar merkingar einbreiðra brúa á stofn- og tengivegum ..... 22*
*Vegrifflur – hávaðamælingar ..... 22*
*Umsjón öryggisaðgerða á vegum ..... 22*

**6. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2025: STEFNUMÓTUN, RANNSÓKNIR OG LÖGGJÖF** ..... **23**

6.1. KÖNNUN Á AKSTURSHEGÐUN ..... 23

**7. VERKEFNI ÁN SÉRSTAKRAR FJÁRVEITINGAR** ..... **28**

7.1. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF ..... 28

**VIÐAUKI I. LYKILSTÆRÐIR ÚR SLYSASKRÁ SAMGÖNGUSTOFU** ..... **30**

**VIÐAUKI II. UMFERÐARÖRYGGISAÐGERÐIR VEGAGERÐARINNAR** ..... **33**

# Inngangur

Umferðaröryggisáætlun byggir á markmiði um öruggar samgöngur sem sett er fram í samgönguáætlun á grundvelli laga nr. 33/2008. Þar eru mótuð stefna og aðgerðir til fimmtán ára en nánar útfærð aðgerðaáætlun með kostnaðaráætlun er svo mótuð fyrir eitt ár í senn. Árið 2025 var unnið eftir tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd og árangri aðgerða.

Í umferðaröryggisáætlun eru lagðar til aðgerðir og áherslur sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum. Á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að umferðaröryggisáætlun var fyrst lögð fram hefur umferðin breyst og aukist mikið samhliða auknum vegabótum, tækniþróun og fjölgun vegfarenda. Áherslur og aðgerðir í öryggisátt hafa tekið mið af breytingunum. Sem dæmi má nefna snjalltækjanotkun, akstur erlendra ferðamanna, akstur undir áhrifum vímuefna og rafknúin örflæðisfarartæki svo sem rafhlaupahjól. Aðgerðir á framkvæmdaáætlun skiptast í eftirtalda flokka: Vegfarendur, vegakerfi, ökutæki og stefnumótun, rannsóknir og löggjöf.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2038 eru þrjú;

- Að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferðinni á hverja 100.000 íbúa
- Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2038.
- Að slysakostnaður á hvern ekinn kílómetra lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2038.

## 1. Umferðaröryggisráð

Sérstakt umferðaröryggisráð, sem ætlað er að vinna að framgangi umferðaröryggisáætlunar tók til starfa árið 2005. Árið 2025 var Ingilín Kristmannsdóttir ráðuneytisstjóri í innviðaráðuneytinu formaður ráðsins. Aðrir fulltrúar ráðsins voru Jón Gunnar Jónsson forstjóri Samgöngustofu, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri.

## 2. Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar

Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar var skipaður 2005. Hlutverk hans er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun á grundvelli umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Árið 2025 var Gauti Daðason, lögfræðingur hjá innviðaráðuneytinu, formaður samráðshópsins framan af ári en Valgerður Gréta Benediktsdóttir tók við honum á árinu. Aðrir fulltrúar hópsins voru Gunnar Geir Gunnarsson deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu, Guðbrandur Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Auður Þóra Árnadóttir forstöðumaður umferðar- og umferðaröryggisdeildar hjá Vegagerðinni.

## 3. Fjárhagsáætlun

Í þessari fjárhagsáætlun er gerð grein fyrir ráðstöfun fjár til fræðslu og forvarna, sjálfvirka hraðaeftirlitsins og smærri umferðaröryggisverkefna í vegakerfi. Í skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar er gerð grein fyrir stærri umferðaröryggisverkefnum svo sem aðskilnaði aksturstefna.

***Tafla 1. Áætlun um tekjur og gjöld.***

| **Tekjur 2025** | **millj. kr.** | **Gjöld 2025** | **millj. kr.** |
|---|---|---|---|
| Frá vegaáætlun | 474,0 | Vegfarendur | 137,7 |
| Frá dómsmálaráðuneyti | 30,0 | Vegakerfið | 439,0 |
| Frá Samgöngustofu | 75,0 | Ökutæki | 0 |
| | | Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf | 2,3 |
| **Til ráðstöfunar alls:** | **579,0** | **Samtals gjöld:** | **579,0** |

***Tafla 2. Kostnaður við einstök verkefni***

| | **Heiti verkefnis** | **Áætlun millj. Kr** | **Rauntölur millj. kr** |
|---|---|---|---|
| *Vegfarendur* | | | |
| 4.1 | Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur | 35,0 | 31,7 |
| 4.2 | Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum | 30,0 | 30,0 |
| 4.3 | Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri | 0,0 | 0,0 |
| 4.4 | Auglýsingar, kynningar og fræðsla fyrir almenning | 42,5 | 51,2 |
| 4.5 | Fræðsla til barna og ungmenna | 4,0 | 2,7 |
| 4.6 | Fræðsla til erlendra ökumanna | 9,5 | 4,3 |
| 4.7 | Slysaskráning | 3,0 | 4,4 |
| 4.8 | Starfsmanna- og fræðslukostnaður | 10,0 | 10,0 |
| 4.9 | Önnur verkefni og ófyrirséð | 3,7 | 0,9 |
| *Vegakerfi* | | | |
| 5.1 | Eyðing svartbletta, umhverfi vega og vegrið | 393,0 | 419,0 |
| 5.2 | Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi | 10,0 | 8,2 |
| 5.3 | Ýmis verkefni og ófyrirséð, öryggisstjórnun vegamannvirkja | 36,0 | 35,5 |
| *Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf* | | | |
| 6.1 | Könnun á akstursheðun | 2,3 | 2,4 |
| | **Kostnaður alls** | **579,0** | **600,3** |

## 4. Aðgerðir og verkefni á árinu 2025: Vegfarendur

Í þessum flokki eru verkefni sem miða að því að bæta og hvetja til æskilegrar hegðunar og viðhorfa hjá ökumönnum og öðrum vegfarendum. Um er að ræða eftirlit lögreglu, sjálfvirkt eftirlit sem og fræðslu- og forvarnaverkefni Samgöngustofu.

### 4.1. Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur




Mælistaðir fyrir sjálfvirkt punkthraðaeftirlit á þjóðvegum utan höfuðborgarsvæðisins voru 21. Árið 2025 voru tveir mælistaðir á Hringvegi austan Selfoss, þrír á Hringvegi í Hvalfjarðarsveit, tveir á Hringvegi um Akureyri, tveir á Þingvallavegi, tveir á Sandgerðisvegi, fjórir í Bolungarvíkurgöngum og sex í Héðinsfjarðargöngum.

Mælistaðirnir á Þingvallavegi voru teknir í notkun í byrjun október 2025. Árið 2025 var sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit í báðar áttir í Hvalfjarðargöngum, Norðfjarðargöngum og Dýrafjarðargöngum og í október var nýr meðalhraðaeftirlitskafli tekinn í notkun í Fáskrúðsfjarðargöngum.





Vegagerðin sá eins og áður um almennan rekstur myndavélanna sem og viðhald mælistaðanna. Vegagerðin sér um að láta kvarða búnaðinn með reglulegu millibili, eftir því sem við á. Um leið og vélarnar eru kvarðaðar er viðhaldi þeirra sinnt.

Keypt voru tvö færanleg hraðamælitæki sem notuð eru til að mæla raunhraða á vegum en slíkar upplýsingar nýtast m.a. við val mælistaða.


Árið 2025 voru 30 stafrænar hraðamyndavélar í notkun. Eru þær staðsettar víðsvegar um landið auk þriggja færanlegra véla. Brotin eru skráð í málaskrá lögreglu hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra, fyrir utan vélarnar sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu, og eru þau brot skráð hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Skráð voru 35.131 brot árið 2025, um 96 brot á dag, sem er 39% fjölgun frá árinu á undan.





**Mynd 1 Fjöldi hraðakstursbrota með stafrænum myndavélum ásamt fjölda myndavéla hvert ár.**

Á mynd 2 sést dreifing brota á árunum 2023 til 2025 eftir mánuðum og sést að flest brot mældust í nóvember árið 2025. Almennt hefur fjöldinn verið mestur yfir sumarmánuðina en árið 2025 sjáum við að júní fram í desember eru tölurnar svipaðar og í þeim mánuðum eru brotin mun fleiri en fimm fyrstu mánuði ársins.




**Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar 2023-2025, greindur eftir mánuðum**

Á mynd 3 sést fjöldi skráðra hraðakstursbrota, greindur eftir staðsetningu. Fjöldi brota er breytilegur á milli ára og ræðst það að mestu leyti af virkni véla og umferðarþunga. Eins og fyrri ár voru flest brot skráð á vélarnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 7.098 sem er þó talsverð fækkun frá árinu áður. Næstflest brot voru skráð á færanlegar vélar á Vesturlandi eða 6.825 brot




**Mynd 3. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu árin 2023-2025, greindur eftir vettvangi**

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 35.000.000,- |
| RAUN | 31.692.972,- |

## 4.2. Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum

Til og með árinu 2023 fékk lögreglan fjármagn af viðhaldsfé Vegagerðarinnar til þess að sinna úrvinnslu gagna úr löggæslumyndavélum en árið 2024 var fyrsta árið sem svo var ekki. Frá og með 2024 hefur lögreglan fengið 30 milljónir króna á ári frá dómsmálaráðuneytinu til þess að sinna verkefninu.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 30.000.000,- |
| RAUN | 30.000.000,- |

## 4.3. Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri

Samkvæmt arðsemismati aðgerða árið 2005 er hraðaeftirlit og ölvunareftirlit lögreglunnar ein arðbærasta aðgerð til aukins umferðaröryggis. Því var fjármunum, fyrst af „umferðaröryggisgjaldi“ en síðar frá Vegagerðinni, varið til þessa sérstaka eftirlits lögregluembætta á landsvísu til viðbótar við hefðbundið umferðareftirlit lögreglu. Því fyrirkomulagi lauk á árinu 2015. Árið 2016 kom sérstök fjárveiting af rekstri ríkislögreglustjóra til þessa verkefnis. Árið 2017 var í fyrsta sinn engu fjármagni veitt til sérstaks hraðaeftirlits og hefur engu fjármagni verið veitt í málaflokkinn síðan þá. Árið 2025 var því níunda árið í röð sem engu fjármagni var veitt í sérstakt hraða- og ölvunareftirlit lögreglu.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 0,- |
| RAUN | 0,- |

## 4.4. Auglýsingar, kynningar og fræðsla fyrir almenning

Árið 2025 hófst á herferð gegn svefni og þreytu við akstur sem kallast *Ekki geispa golunni*. Er þar fylgst með ungri fjölskyldu með mörg járn í eldinum; vinnu og skóla í miðri viku og húsbyggingum um helgar. Sjáum við hvernig þreytan læðist inn eftir því sem álagið eykst og endum við í umferðinni í aðstæðum sem ekkert okkar vill vera í. Undir auglýsingunni hljómar lagið *Nóttin læðist inn* með Hafdísi Huld sem mjög margir foreldrar kannast við sem vögguvísu en texti lagsins fær aðeins aðra merkingu undir auglýsingunni. Að herferðinni stóðu, ásamt Samgöngustofu, Eimskip og Vörður.






Um sumarið var farið í umfangsminni auglýsingu sem einnig laut að svefni og þreytu við akstur og bar sama heiti en í henni var þreytt fólk sýnt aka eða á leiðinni að hefja akstur og minnti hún okkur á mikilvægi þess að vera vel vakandi þegar við keyrum.




Herferðin *Ekki taka skjáhættuna* frá árinu áður var endurbirt og endurgerð að hluta. Einnig voru gerðar útvarpsauglýsingar og þær birtar.




Samfélagsmiðillinn TikTok var talsvert notaður á árinu. Var hann fyrst og fremst notaður til að ná til ungs fólks þar sem hefðbundnari miðlar ná oft ekki til þeirra. Voru þar framleidd stutt myndbönd, yfirleitt með fólki sem ungt fólk þekkir, þar sem tekið var á svefni og þreytu við akstur annars vegar og beltanotkun hins vegar. Má skoða þessi myndbönd á slóðinni https://www.tiktok.com/@samgongustofa.




Um sumarið tók Samgöngustofa þátt í umferðaröryggisátaki Bylgjunnar ásamt fleiri aðilum. Voru þá spiluð auglýsingastef um ýmsa þætti umferðarinnar ásamt því að dagskrárgerðarfólk talaði um hin ýmsu umferðaröryggismálefni. Í lok árs voru keyrðar nokkrar útvarpsauglýsingar er varða beltanotkun í samstarfi við útvarpsstöðina K100. Að auki var greitt fyrir undirbúning beltaherferðar sem birt var vorið 2025.

Að vanda voru sýndar fræðslumyndir á RÚV á milli dagskrárliða þar sem verið er að kenna á umferðina frekar en að reyna að breyta hegðun. Sömuleiðis voru myndirnar birtar af krafti á samfélagsmiðlum yfir sumarið. Engin ný fræðslumynd var framleidd þetta árið.




Herferð Samgöngustofu og VÍS frá árinu 2023, *Ekki skúta upp á bak*, sem fjallar um rafhlaupahjól og rétta notkun þeirra, var endurbirt. Var hún sérstaklega áberandi á strætóskýlum og skiltum nálægt miðbæ Reykjavíkur.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 42.500.000,- |
| RAUN | 51.224.135,- |

## Þróun umferðarhraða

Á meðfylgjandi mynd eru upplýsingar um þróun umferðarhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringveginum, á tímabilinu 2004-2025, skv. umferðargreinum Vegagerðarinnar en hraðinn hefur verið mældur á sambærilegan hátt frá árinu 2004.





**Mynd 4. Meðaltal ökuhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringvegi 2004 – 2025. Mælistað við Pétursey er sleppt árið 2012. Mælistað við Hellisheiði er sleppt árin 2015, 2024 og 2025. Umferðargreinir í Eldhrauni skilaði ekki hraðagögnum fyrir júnímánuð 2019 en gögn fyrir júlí – september eru notuð fyrir þann stað það ár, árinu 2024 var sleppt því gögn voru ekki til staðar. Haustið 2020 var leyfilegur hámarkshraði á Hringvegi við Árvelli á Kjalarnesi lækkaður í 70 km/klst. vegna framkvæmda og því er hraðagögnum fyrir þann mælistað sleppt úr meðaltalsútreikningum frá og með árinu 2021. Hraðagögn frá Fagradal voru í fyrsta sinn tekin með í meðaltalsútreikningum árið 2021 en vegurinn um Fagradal hefur verið hluti af Hringvegi frá 11. nóvember 2017.**

Meðalökuhraði á 10 stöðum á Hringvegi sumarið 2025 var 93,5 km/klst. og hafði hann lækkað um tæplega 0,3 km á klst. frá sumrinu áður. Meðaltal $v_{85}$ hraða ($v_{85}$ er sá hraði sem 15% ökumanna fara yfir) var 102,9 km/klst. og hafði hann lækkað um rúmlega 0,3 km/klst. frá fyrra ári. Ef niðurstöður eru bornar saman fyrir þá átta mælistaði, sem skiluðu gögnum bæði árin, stendur meðalhraðinn í stað en lækkun $v_{85}$ hraðans er óbreytt.

Þegar breytingar á meðalhraða að sumarlagi frá fyrra ári voru skoðaðar kom í ljós að meðalhraðinn hækkar á þremur stöðum, mest um um 1,2 km/klst. á Hringvegi um Fagradal en 0,3 km/klst. eða minna á hinum stöðunum tveimur. Meðalhraðinn lækkaði á fimm stöðum, mest um 0,5 km/klst. á Hringvegi við Hvassafell og um 0,4 km/klst. á Hringvegi í Hrútafirði en lækkunin var minni á hinum stöðunum þremur. Ofangreindar hraðatölur gilda fyrir umferð í frjálsu flæði, en það þýðir að bil milli ökutækja og umferðarmagn er með því móti að reiknað er með að hver ökumaður velji sinn ökuhraða.

Á mynd 5 er sýnt hvernig það hlutfall ökumanna sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða breytist á völdum mælistöðum á tímabilinu 2023-2025. Sumarið 2025 var þetta hlutfall hæst á Hringvegi í Langadal, þar sem það var 2,9%. Næst hæst var hlutfallið í Öxnadal eða 2,1% og þriðja hæst var það í Hrútafirði þar sem það var 1,9%.




**Mynd 5. Hlutfall ökumanna á Hringvegi sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða. Hæst er hlutfallið í Langadal, í Öxnadal og í Hrútafirði. Ekki voru nægjanleg gögn fyrir Hellisheiði árin 2024 og 2025 og Eldhraun árið 2024 og þeim mælistöðum sleppt þau ár.**

## Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag

Árið 2025 lést enginn af völdum ölvunaraksturs eða fíkniefnaaksturs en 11 manns slösuðust alvarlega. Á síðustu 5 árum hafa 12% látinna í umferðinni látist vegna ölvunar- eða fíkniefnaaksturs en rúmlega 5% hafa slasast alvarlega af sömu orsökum. Tafla 3 sýnir afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs síðustu ára.

***Tafla 3. Afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs***

| Ár | Látnir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs | Látnir alls | Hlutfall | Alvarlega slasaðir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs | Alvarlega slasaðir alls | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2021 | 1 | 9 | 11% | 8 | 199 | 4% |
| 2022 | 2 | 9 | 22% | 11 | 195 | 6% |
| 2023 | 2 | 8 | 25% | 13 | 229 | 6% |
| 2024 | 1 | 13 | 8% | 12 | 228 | 5% |
| 2025 | 0 | 10 | 0% | 11 | 182 | 6% |
| **Meðaltal** | **1,2** | **9,8** | **12%** | **11,0** | **207** | **5%** |

Frá árinu 2006 hefur lögreglan prófað hjá ökumönnum hvort ekið væri undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna. Prófið felur í sér að munnvatns- eða svitasýni er tekið af ökumanni og ef vísbendingar eru um slíkt er blóð tekið til frekari rannsóknar.

*Tafla 4. Fjöldi einstaklinga sem teknir eru fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstursbrot*

| Ár | Fjöldi einstaklinga teknir fyrir ölvunarakstursbrot | Fjöldi einstaklinga teknir fyrir fíkniefnaakstursbrot |
|---|---|---|
| 2021 | 1.215 | 1.208 |
| 2022 | 1.471 | 1.217 |
| 2023 | 1.506 | 1.233 |
| 2024 | 1.345 | 1.174 |
| 2025 | 1.443 | 1.283 |
| **Samtals** | **6.980** | **6.115** |

Í töflu 4 má sjá fjölda einstaklinga sem teknir eru fyrir akstur undir áhrifum. Þeir einstaklingar sem teknir eru oftar en einu sinni innan ársins telja aðeins einu sinni í þeirri töflu. Þar sjáum við að síðustu ár hafa alltaf fleiri verið teknir fyrir ölvunarakstur en fíkniefnaakstur og á það einnig við um árið 2025.

Tafla 5 sýnir hins vegar fjölda brota og þar telur einstaklingur sem tekinn er oftar en einu sinni jafnoft og hann er tekinn. Samkvæmt henni eru fíkniefnaakstursbrot töluvert fleiri en ölvunarakstursbrot síðustu ár sem segir okkur að þeir einstaklingar sem teknir eru fyrir fíkniefnaakstur eru stöðvaðir mun oftar að jafnaði en þeir sem teknir eru fyrir ölvunarakstur.

*Tafla 5. Fjöldi ölvunar- og fíkniefnaakstursbrota*

| Ár | Fjöldi ölvunarakstursbrota | Fjöldi fíkniefnaakstursbrota |
|---|---|---|
| 2021 | 1.370 | 1.897 |
| 2022 | 1.579 | 1.664 |
| 2023 | 1.616 | 1.687 |
| 2024 | 1.426 | 1.577 |
| 2025 | 1.574 | 1.786 |
| **Samtals** | **7.565** | **8.611** |

Á þessum tveimur töflum að ofan má sjá að síðustu fimm ár hafa þeir einstaklingar sem hafa verið stöðvaðir fyrir ölvunarakstur verið að jafnaði stöðvaðir 1,08 sinnum hver þeirra (7.565 / 6.980). Til samanburðar hafa þeir einstaklingar sem hafa verið stöðvaðir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna verið að jafnaði stöðvaðir 1,41 sinnum hver.

## 4.5. Fræðsla til barna og ungmenna

### Fræðsla í leikskólum



Samgöngustofa stendur fyrir umferðarfræðslu í leikskólum. Fer hún þannig fram að Samgöngustofa leggur til námsefni til að kenna, litabækur sem fylgja fræðslunni og viðurkenningarskjal sem leikskólar geta hengt upp og látið foreldra og aðra vita að umferðarfræðsla hafi farið fram í þeim leikskóla. Auk þess sendir Samgöngustofa árlega áminningu og hvatningu til leikskólanna og einnig stendur leikskólum til boða að fá sendar innipúkabrúður til að nota við kennsluna. Árið 2025 sinntu 215 leikskólar um allt land umferðarfræðslu með þessum hætti.

Frá árinu 2004 hefur Samgöngustofa, áður Umferðarstofa, sent öllum þriggja til sex ára börnum á Íslandi bækurnar um Krakkana í Kátugötu. Fá börnin sendar tvær bækur á ári, alls átta bækur, og fjalla þær um krakkana Matthildi og Dodda og brúðuna þeirra, innipúkann, sem er í þeirra augum mjög lifandi. Má því ætla að öll börn sem fædd eru á þessari öld þekki til innipúkans og vina hans.

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardalnum er nú að finna Ökuskólann í Kátugötu. Þar geta börn ekið leikfangabílum og lært á umferðina innan um persónur úr bókunum um krakkana í Kátugötu.

### Fræðsla í grunnskólum

Í umferðaröryggisáætlun er sérstaklega leitast við að tryggja öryggi barna í umferðinni. Síðustu ár hefur Samgöngustofa unnið með menntayfirvöldum að því að koma umferðarfræðslu inn í aðalnámskrá samhliða því að vera þeim innan handar hvað varðar uppfærslur á námsefni. Árið 2024 kom umferðarfæðsla inn í aðalnámskrá og var hún hluti af kennsluskyldu skólanna frá og með hausti 2025.

Árið 2024 opnaði ný útgáfa af vefnum www.umferd.is en á þeim vef má finna ýmiskonar námsefni sem kennarar á öllum skólastigum geta nýtt sér við umferðarfræðslu. Árið 2025 var lögð áhersla á að koma nýju efni á vefinn sem og að kynna vefinn fyrir kennurum og skólastjórnendum.





Í desember var birt jóladagatal sem jolasveinar.is framleiddu fyrir Samgöngustofu árið 2021. Fylgjumst við þar með systkinunum Hurðaskelli og Skjóðu lenda í jólaævintýri og læra á umferðina í leiðinni.

Um var að ræða 24 stutt myndbönd sem hægt var að horfa á á sérstakri vefsíðu. Einnig gátu börnin svarað léttri spurningu úr kafla dagsins og unnið endurskinsbakpoka. Einnig var einn heppinn grunnskólabekkur dreginn út og hlaut hann pizzuveislu og nokkur borðspil í verðlaun.

Í byrjun árs hóf Samgöngustofa birtingar á nýrri endurskinsmerkjaherferð í samstarfi við 66°Norður. Kallaðist herferðin Sjáumst ekki og var sjálfstætt framhald af herferð ásins 2024 sem kallaðist Sjáumst. Eins og áður var leitast við að fá ungt fólk til að vilja vera sýnilegt í umferðinni. Voru endurskinsmerki gefin í verslunum 66°Norður og hjá Samgöngustofu.



Í töflu 6 má sjá tölur yfir slösuð og látin börn síðustu fimm ár.

***Tafla 6. Slösuð 0-14 ára börn 2021-2025***

| | Látin | Alvarlega slösuð | Lítið slösuð | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2021 | 1 | 22 | 87 | 110 |
| 2022 | 0 | 21 | 99 | 120 |
| 2023 | 1 | 20 | 97 | 118 |
| 2024 | 0 | 23 | 97 | 120 |
| 2025 | 1 | 14 | 97 | 112 |
| **Meðaltal** | **0,6** | **20** | **95** | **116** |

## Fræðsla í framhaldsskólum

Samgöngustofa tekur reglulega þátt í forvarnadögum í framhaldsskólum. Er aðkoma Samgöngustofu þá fræðsla á deginum sjálfum og stundum þátttaka í undirbúningi. Árið 2025 tók Samgöngustofa þátt í forvarnadögum í Framhaldsskóla Suðurnesja í Reykjanesbæ og Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði.

Auk þátttöku í forvarnadögum þá býður Samgöngustofa framhaldsskólum upp á heimsóknir þar sem starfsmaður Samgöngustofu flytur erindi er lýtur að umferðarfræðslu. Árið 2025 voru 16 framhaldsskólabekkir eða -hópar heimsóttir.

| | |
|---|---|
| Áætlun | 4.000.000,- |
| Raun | 2.696.902,- |

## 4.6. Fræðsla til erlendra ökumanna

Samgöngustofa tekur þátt í Safetravel verkefni Landsbjargar. Á síðunni *www.safetravel.is/driving* geta erlendir ferðamenn nálgast upplýsingar um öryggi á íslenskum vegum. Leitast er við að ná til þeirra sem eru að kynna sér landið, ferðaskrifstofur, bílaleigur o.þ.h. sem gefur til kynna að viðkomandi sé á leiðinni til Íslands.

Samgöngustofa lét gera teiknaða fræðslumynd fyrir erlenda ferðamenn fyrir nokkrum árum. Í henni kennir álfurinn Elfis erlendum ferðamönnum á íslenska umferð og segir þeim hvað er hugsanlega framandi við íslenska vegakerfið og íslenskar aðstæður. Var áhersla lögð á að dreifa myndinni um samfélagsmiðla til þeirra sem eru nýkomnir til landsins eða á leiðinni.




Eldri auglýsing sem kallast Death Penalty var birt ferðamönnum en þar er talað um að dauðarefsing geti fylgt því að nota ekki öryggisbeltið á Íslandi. Er þar að sjálfsögðu átt við afleiðingarnar af því að lenda í slysi án beltis. Einnig voru birtir auglýsingaborðar á vefsíðu Iceland Review.

Haldið var áfram með verkefnið „Nap And Go" með Visit Reykjanes, Safetravel og Samtökum ferðaþjónustunnar. Markmið þess er að hvetja farþega sem koma með næturflugi, sérstaklega ferðamenn frá Norður-Ameríku, til þess að hvíla sig áður en lagt er af stað í langferð. Ferðamanninum er boðið að leigja hótelherbergi til hvíldar frá 06-12 f.h. í nálægð við flugvöllinn áður en hann heldur út í daginn undir stýri. Verkefnið hófst formlega árið 2022 en árið 2025 var verkefnið skalað niður og aðeins eru nú þrjú hótel og hostel í Keflavík þátttakendur í verkefninu en það eru þeir aðilar sem hafa verið virkir þátttakendur síðustu ár, eru ánægðir með verkefnið og sjá hag sinn í áframhaldandi þátttöku. Segja má þó að aðkoma yfirvalda hafi verið lítil sem engin.

Áhugavert er að skoða þróun slysa á erlendum ríkisborgurum búsettum hér borið saman við slys ferðamanna sem heimsækja landið að teknu tilliti til fjölda. Samgöngustofa gerir greinarmun á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum sem búsettir eru hérlendis þ.e. með íslenska kennitölu.

***Tafla 7. Slys á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum búsettum hérlendis***

| | Slasaðir og látnir erlendir ferðamenn | Fjöldi erlendra ferðamanna um KEF (þús) | Slasaðir og látnir á hverja 100.000 ferðamenn | Slasaðir og látnir erlendir ríkisborgarar búsettir hérlendis | Fjöldi erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis (þús, 1. jan) | Slasaðir og látnir á hverja 1000 erlenda ríkisborgara búsetta hérlendis |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2021 | 94 | 688 | 13,7 | 130 | 44,8 | 2,9 |
| 2022 | 75 | 1.640 | 4,6 | 175 | 47,8 | 3,7 |
| 2023 | 198 | 2.212 | 9,0 | 208 | 56,7 | 3,7 |
| 2024 | 232 | 2.261 | 10,3 | 249 | 63,5 | 3,9 |
| 2025 | 198 | 2.268 | 8,7 | 183 | 67,6 | 2,7 |
| **Meðaltal** | **159** | **1.814** | **8,8** | **189** | **56,1** | **3,4** |

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 9.500.000,- |
| RAUN | 4.311.299,- |

## 4.7. Slysaskráning

Útlagður kostnaður vegna slysaskráningar er vegna slysagagna frá Aðstoð og Öryggi, hýsingar og reksturs slysakortsins og uppfærslu á fjölda látinna á skilti í Svínahrauni. Þessi kostnaður er færður á umferðaröryggisáætlun. Eftir stendur þó launakostnaður, kerfisrekstur og annað sem greitt er fyrir með öðrum hætti.



| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 3.000.000,- |
| RAUN | 4.396.368,- |

## 4.8. Starfsmanna- og fræðslukostnaður

Til þess að hægt sé að vinna verkefni á umferðaröryggisáætlun á faglegan hátt og innan tímaramma þarf að greiða fyrir sameiginlegan kostnað sem dreifist á öll verkefnin. Þessi kostnaður er tekinn saman í þennan lið. Í fyrsta lagi er um að ræða kostnað vegna vinnu sérfræðinga sem vinna að verkefnum á umferðaröryggisáætlun og að auki er hér um að ræða kostnað við fundi og ráðstefnur.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 10.000.000,- |
| RAUN | 10.000.000,- |

## 4.9. Önnur verkefni og ófyrirséð

### Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa

Alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa er haldinn hátíðlegur þriðja sunnudag í nóvember. Árlega er haldin athöfn við Landspítalann í Fossvogi en vegna heimsfaraldurs covid-19 féll athöfnin niður árin 2020 og 2021. Á Íslandi hefur myndast sú hefð að þakka viðbragðsaðilum sérstaklega fyrir þeirra störf er varðar umferðarslys og viðbrögð við þeim auk þess sem fórnarlamba slysanna er minnst.



Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á beltanotkun, einkum og sér í lagi beltanotkun ungs fólks.

### Göngum í skólann

Samgöngustofa tók þátt í átaki ÍSÍ, *Göngum í skólann*, þar sem börn eru hvött til að koma gangandi eða hjólandi í skólann og draga þannig úr þeirri umferðarhættu og mengun sem fylgir því að of margir foreldrar aki börnunum sínum í skólann.

### Vorfagnaður bifhjólafólks

Samgöngustofa stendur að árlegum vorfundi bifhjólafólks í samstarfi við Sniglana og Ökukennarafélag Íslands. Er á þeim fundi farið yfir slysaþróun, farið yfir ýmis öryggisatriði sem vert er að hafa í huga að vori og fá þátttakendur verklega upprifjun og aka um kennslubraut undir leiðsögn ökukennara.



| | |
|---|---|
| Áætlun | 3.700.000,- |
| Raun | 852.035,- |

# 5. Aðgerðir og verkefni á árinu 2025: Vegakerfi

## 5.1. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða

Á árinu 2025 var unnið að lagfæringum á um 62 stöðum skv. samþykktum verkefnalistum. Flestum lauk eins og upphaflega var áætlað, en á nokkrum stöðum var efni keypt sem ekki náðist að koma í nýtingu vegna veðurfarslegra aðstæðna. Sum verkefni voru ekki á upphaflegum samþykktarlista og af framkvæmdum sumra þeirra gat ekki orðið af ýmsum ástæðum, en af nægum verkefnum er að taka. Verkefnin hafa verið flokkuð niður eftir eðli aðgerðar, en sum þeirra renna nokkuð saman því að margt kann að vera gert í einni framkvæmd. T.d. kann í einni framkvæmd að vera ekið með efni í vegfláana ásamt uppsetningu vegriða og merkingar bættar að auki, og í annarri framkvæmd lengt ræsi og um leið er gönguleið færð fjær vegi.

Á rúmlega 20 stöðum var unnið að lagfæringum á öryggisvæði veganna, m.a. með því að lengja ræsi, lagfæra vegfláa (gera þá meira aflíðandi), færa skurði fjær vegum og fjarlægja trjágróður. Sem dæmi má nefna lagfæringar á öryggisvæði á Hringveginum við Orrustuhól, við Hof í Öræfum, um Hvalnesskriður og Moldhaugaháls norðan Akureyrar. Einnig við Eyrarbakkaveg, Borgarfjarðarbraut í grennd við Seleyri, Snæfellsnesveg og Skeiða- og Hrunamannaveg neðan Flúða.




Vegrið voru sett upp eða lengd á um 13 stöðum. Sem dæmi má nefna uppsetningu vegriða og nýrra vegriðsenda við Gljúfurá í Húnaþingi og á tveimur stöðum við brýr á Hringveginum um Öxnadal. Vegrið voru einnig sett upp við Þingvallaveg, Grafningsveg, Þrengslaveg, Innstrandaveg, Örlygshafnarveg og Kjalveg við Gilsá.

Unnið var að lagfæringum á sjö vegamótum; m.a. á Sólheimasandi, við Laxá í Mývatnssveit og lokið var við vegamótin að Laugarbakka í Miðfirði og rétt norðan Akureyrar. Einnig var trjágróður fjarlægður á þrennum vegamótum til að auka vegsýn um þau.

Merkingar voru bættar á fimm stöðum og má þar helst nefna vegrifflur milli Selfoss og Hveragerðis og norðan Akureyrar. Sett voru upp nokkur merki fyrir hestaumferð og um einbreiða brú.

Öryggi gangandi var aukið á 13 stöðum, t.d. á Selfossi, í Grundarfirði, í Búðardal, á Ísafirði, á þremur stöðum á Akureyri, á Skagaströnd, í Ólafsfirði, á Húsavík, á Seyðisfirði, á Stöðvarfirði og á Djúpavogi. Inni í þessum tölum eru einnig tvenns konar aðgerðir fyrir hestamenn, sem einnig nýtast gangandi.

Hlutfallsleg skipting fjármuna í mismunandi framkvæmdir er sýnd á mynd 6.




**Mynd 6. Öryggisaðgerðir á vegum 2025. Hlutfallsleg skipting kostnaðar.**

Á vegum þjónustustöðva Vegagerðarinnar á landsbyggðinni var jafnframt unnið að ýmsum lagfæringum á umhverfi vega og að öðrum öryggisaðgerðum. Hver þjónustustöð fær 1 m.kr. sem þær nota skv. eigin ákvörðun en sem skal þá uppfylla skilyrði öryggisaðgerða. Auk ofantalinna verkefna er þar stundum um að ræða, og oft samhliða öðrum framkvæmdum, að fjarlægja stórgrýti úr vegfláum eða klapparnibbur og viðlíka, auka merkingar, lengja ræsi og að fjarlægja gróður sem skyggir á. Nánari upplýsingar um verkefni þjónustustöðva undir þessum lið árið 2025 má sjá í viðauka II.

Þær umferðaröryggisaðgerðir sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu eru fjármagnaðar með viðhaldsfé. Unnið var að fleiri verkefnum í þágu umferðaröryggis sem fjármögnuð voru af öðrum liðum og tengjast því umferðaröryggisáætlun ekki beint.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 393.000.000,- |
| RAUN | 419.036.314,- |

## 5.2. Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi

Sett var niður ræsi við Skarð í Landsveit, en efnið hafði verið keypt árið á undan.

| | |
|---|---|
| ÁÆTLUN | 10.000.000,- |
| RAUN | 8.217.611,- |



## 5.3. Ýmis verkefni og ófyrirséð, öryggisstjórnun vegamannvirkja

### Heildstætt mat á umferðaröryggi vegakerfisins



í uppfærðri tilskipun um öryggisstjórnun vegamannvirkja (2019/1936/EB) sem innleidd var hér á landi með reglugerð 624/2022 er kveðið á um heildstætt mat á öryggi stofnvegakerfisins en það felst í því að bæði er horft til þess innbyggða öryggis sem felst í útfærslu vegarins en jafnframt er horft til slysasögu með áherslu á fjölda slysa með meiðslum sem orðið hafa miðað við umferð. Á grundvelli niðurstöðu matsins skal flokka vegarkafla í a.m.k. þrjá flokka og skal niðurstaða flokkunarinnar notuð við forgangsröðun aðgerða. Matið skal endurtekið að fimm árum liðnum.

Hjá Vegagerðinni hefur verið unnið að undirbúningi heildstæða matsins undanfarin misseri en gert er ráð fyrir að niðurstöður muni liggja fyrir árið 2027.

Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa liðar árið 2025 var kr. 15.907.788

### Umferðaröryggisúttekt á vegum sem liggja að og frá jarðgöngum


Í tilskipun um öryggisstjórnun, sem nefnd var hér að ofan, er kveðið á um að reglubundin umferðaröryggisúttekt, nánar tiltekið sameiginleg úttekt með öryggisfulltrúa jarðganga, skuli fara fram á vegum sem liggja að og frá jarðgöngum sem tilheyra samevrópska vegakerfinu á a.m.k. sex ára fresti. Almennt gildir tilskipun um öryggisstjórnun vegamannvirkja ekki um þau jarðgöng þar eð sérstök tilskipun gildir um þau.

Árið 2025 fóru fram úttektir á umferðaröryggi vega sem tengjast jarðgöngum á Vestfjörðum og á Norðurlandi.

Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa liðar árið 2025 var kr. 2.994.584.



## Bættar merkingar einbreiðra brúa á stofn- og tengivegum




Í kjölfar úttektar á merkingum við einbreiðar brýr á vegakerfinu árið 2025 var sett í forgang að bæta merkingar við 75 einbreiðar brýr. Vinnan fer fram árið 2026 en hluti efniskostnaðar var greiddur árið 2025.

Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa liðar árið 2025 var kr. 5.694.148.

## Vegriffur – hávaðamælingar

Kostnaður við mælingar á hávaða af völdum vegriffla á Vesturlandi var greiddur af þessum lið.

Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa liðar árið 2025 var kr. 1.732.714.

## Umsjón öryggisaðgerða á vegum

Vinna við umsjón öryggisaðgerða á vegum er greidd af fjárveitingum til umferðaröryggisáætlunar. Hér undir fellur m.a. kostnaður við greiningu slysastaða.

Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa liðar árið 2025 var kr. 9.142.097.


| | |
|---|---|
| Áætlun | 36.000.000,- |
| Raun | 35.471.331,- |

# 6. Aðgerðir og verkefni á árinu 2025: Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf


## 6.1. Könnun á akurshegðun

Í október 2025 gerði Gallup könnun á akurshegðun og viðhorfi til umferðar meðal almennings fyrir Samgöngustofu. Sambærileg könnun hefur verið framkvæmd frá árinu 2005 og gefur hún mjög góða mynd af núverandi ástandi ásamt þróun á hegðun og viðhorfi fólks til umferðar. Svarendur voru 969 af 2192 manna úrtaki (44,2%), 18 ára og eldri, af öllum kynjum, af öllu landinu. Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

Um 30-45% Íslendinga halda sig innan hámarkshraða og um 6-10% Íslendinga aka hraðar en 10 km/klst. yfir hámarkshraða. Þróunin virðist vera sú að ökuhraði alls staðar er að hækka á milli ára en ökuhraði innanbæjar var með allra lægsta móti árið 2024. Þeim fjölgar á milli ára sem aka yfir hámarkshraða innanbæjar en hins vegar fækkar þeim sem aka yfir hámarkshraða utanbæjar.




**Mynd 7. Sagður almennur ökuhraði við hámarkshraða 30, 60 og 90 km/klst. 2025**





**Mynd 8. Þróun ökuhraða við hámarkshraða 30, 60 og 90 km/klst. 2021-2025**

Um 80% ökumanna telja hegðun annarra vegfarenda valda sér truflun eða álagi við akstur. Er þá helst talað um skort á notkun stefnuljósa, farsímanotkun ökumanna og of hægan akstur. Truflun vegna rafhlaupahjóla hefur minnkað talsvert síðustu tvö ár. Hjólreiðamenn og fótgangandi verða einnig fyrir truflun í umferðinni. Þar er mest áberandi að ökumenn stöðva ekki við gangbraut, hegðun fólks á rafmagnsvespum og rafhlaupahjólum, skortur á notkun stefnuljósa og of hraður akstur. Hegðun vegfarenda á rafknúnum hjólum truflar fótgangandi og hjólandi minna en hún hefur gert síðustu ár og virðist horfa til betri vegar í þeim efnum.

Farsímanotkun ökumanna er áberandi í umferðinni. Síðustu ár virðast þó færri tala í símann án handfrjáls búnaðar undir stýri en að sama skapi fjölgar þeim sem tala í símann með


handfrjálsum búnaði. Helsta skýringin á því er sú að flestir nútímabílar tengjast símanum með bluetooth og gerir ökumanni kleift að tala í símann án þess að handleika símtækið.


Þegar kemur að farsímanotkun er mikill munur á því hvað fólk telur hættulegt og hvað fólk gerir. Rúmlega 98% aðspurðra telja hættulegt að skrifa skilaboð á meðan á akstri stendur, þar af telja rúm 54% það stórhættulegt. Þrátt fyrir þetta segjast um 31% aðspurðra eiga það til að skrifa skilaboð undir stýri. Að sama skapi telja um 96% það hættulegt að lesa skilaboð undir stýri á meðan um 39% játa þó að eiga það til að gera það. Heilt yfir eykst farsímanotkun undir stýri á milli ára en við sáum jákvæðar breytingar árið 2024 en þær gengu því miður að miklu leyti til baka árið 2025.




**Mynd 9. Farsímanotkun undir stýri og mat á hættunni sem henni fylgir**

Beltanotkun batnar milli ára að öllu leyti. Árið 2024 var sérstaklega slæmt hvað beltanotkun varðar en sem betur fer batnaði notkunin aftur árið 2025. Efri myndin að neðan sýnir beltanotkun 2025 en á neðri myndinni má sjá hversu margir eiga það til að sleppa því að nota beltið síðustu ár.








**Mynd 10. Beltanotkun Íslendinga**

Tæplega 21% ökumanna eiga það til (oft, stundum eða sjaldan) að aka eftir að hafa fengið sér einn áfengan drykk. Er það örlítið minna en árið áður. Til samanburðar var þetta hlutfall 24% til 29% á árunum 2013 til 2018 og var um þriðjungur þegar verst var árið 2012.


Sumarhjólreiðar virðast nánast standa í stað á milli ára ef marka má þessa könnun. Árið 2025 sögðust 4,0% hjóla daglega yfir sumartímann en um 55,6% sögðust aldrei nota hjól yfir sumartímann. Um 78% segjast aldrei hjóla yfir vetrartímann og er það hlutfall lægra en árið áður.

Hjálmanotkun á reiðhjóli hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Árið 2025 segjast 75% alltaf nota hjálm samanborið við 74% árið áður og hafa aldrei fleiri sagst alltaf nota hjálm. Að sama skapi segjast 10% aldrei nota hjálm og hefur það hlutfall aldrei verið lægra. Til samanburðar má benda á að árið 2015 sagðist rétt rúmlega helmingur alltaf nota hjálm. Aðeins voru þau spurð sem sögðust einhvern tíma hjóla.





**Mynd 11. Hjálmanotkun hjólreiðafólks**

Þegar spurt er um upplifun fólks í umferðinni er ljóst að sumar aðstæður valda fólki óöryggi umfram aðrar. Sérstaklega er áberandi hversu óöruggt fólk upplifir sig hjólandi á akbraut og að einhverju leyti gangandi yfir gangbraut. Þá virðist fólk heilt yfir upplifa sig öruggara í umferðinni árið 2025 heldur en árin þar á undan.




**Mynd 12. Upplifun á öryggi í umferðinni**

Spurt er um hversu ásættanleg ákveðin hegðun þykir í umferðinni og er sú spurning um margt gagnleg.  Er hún prýðilegur mælikvarði á umferðarmenninguna í landinu og gagnast þannig í baráttunni fyrir bættri hegðun og betri umferðarmenningu.




**Mynd 13. Umburðarlyndi gagnvart hegðun í umferðinni**

Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

| | |
|---|---|
| Áætlun | 2.300.000,- |
| Raun | 2.448.502,- |

# 7. Verkefni án sérstakrar fjárveitingar

## 7.1. Alþjóðlegt samstarf

Samgöngustofa, Vegagerðin og embætti ríkislögreglustjóra eiga hver um sig í umfangsmiklu samstarfi við sínar systurstofnanir og þá sérstaklega á Norðurlöndum.

Vegagerðin og Samgöngustofa taka virkan þátt í þeirri nefnd NVF sem fjallar um umferðaröryggi en NVF er norrænn samstarfsvettvangur á sviði vegamála. Þrír fulltrúar Vegagerðarinnar og einn fulltrúi Samgöngustofu sóttu ársfund nefndarinnar sem haldinn var í Kaupmannahöfn í september 2025.


Á vettvangi NVF hefur Samgöngustofa safnað saman umferðarslysatölfræði frá öllum Norðurlöndum og er sú tölfræði birt í netskýrslu sem finna má á vef NVF og einnig hér:
https://infogram.com/accidentstatisticnordiccountries-1h8n6m3jr3wmz4x?live

Vegagerðin tekur einnig virkan þátt í starfi vinnuhóps um umferðaröryggi sem starfar á vegum CEDR, en CEDR eru samtök evrópskra vegagerðarstofnana. Þar er reglulega fjallað um tilskipun Evrópusambandsins, nr. 2019/1936/EB um öryggisstjórnun vegamannvirkja en jafnframt er fylgst með því sem efst er á baugi í umferðaröryggismálum í löndunum. Árið 2025 voru haldnir tveir staðfundir í hópnum, sá fyrri var í Sofia í Búlgaríu í maí en sá seinni í Vilnius í Litháen í september. Auk þess var haldinn einn veffundur í hópnum. Fulltrúi Vegagerðarinnar í vinnuhópnum tók þátt í fundunum þremur.

Samgöngustofa á fulltrúa í NTR sem er samnorrænt ráð sem fjallar um umferðaröryggi með tilliti til stefnumótunar, áskorana, tölfræði, fræðslu og herferða. Á þeim vettvangi eru verkefni og aðferðir bornar saman og reyna meðlimir ráðsins að læra hver af öðrum. Sumar herferðir hafa verið teknar upp í heilu lagi frá einu landi til annars en aðrar hafa verið lagaðar að nýju landi eða einfaldlega nýttar sem innblástur í nýjar herferðir eða fræðsluverkefni. Árið 2025 var haldinn fundur í Kaupmannahöfn.

Árið 2025 átti Samgöngustofa fulltrúa í sérfræðingahóp á vegum Evrópusambandsins sem kennir sig við CARE. CARE er samevrópskur umferðarslysagagnagrunnur og kom hópurinn upphaflega saman til þess að þróa þann gagnagrunn í sameiningu. Formlegri þróun á gagnagrunninum er nú lokið en að sjálfsögðu munu gögn verða send í grunninn áfram.

Á myndinni að neðan má sjá tölfræði fengna úr CARE gagnagrunninum. Er um að ræða fjölda látinna á hverja 100.000 íbúa að meðaltali síðustu fimm ár.  Er Ísland í 5. sæti yfir þau lönd þar sem best gengur.



# Viðauki I. Lykilstærðir úr slysaskrá Samgöngustofu

2025



**Tafla 1. Látnir og alvarlega slasaðir 1991-2025**

| Ár | Látnir | Alvarlega slasaðir | Látnir og alvarlega slasaðir |
|---|---|---|---|
| 1991 | 27 | 230 | 257 |
| 1992 | 21 | 228 | 249 |
| 1993 | 17 | 246 | 263 |
| 1994 | 12 | 242 | 254 |
| 1995 | 24 | 239 | 263 |
| 1996 | 10 | 229 | 239 |
| 1997 | 15 | 203 | 218 |
| 1998 | 27 | 229 | 256 |
| 1999 | 21 | 222 | 243 |
| 2000 | 32 | 169 | 201 |
| 2001 | 24 | 158 | 182 |
| 2002 | 29 | 164 | 193 |
| 2003 | 23 | 145 | 168 |
| 2004 | 23 | 115 | 138 |
| 2005 | 19 | 129 | 148 |
| 2006 | 31 | 153 | 184 |
| 2007 | 15 | 195 | 210 |
| 2008 | 12 | 200 | 212 |
| 2009 | 17 | 170 | 187 |
| 2010 | 8 | 204 | 212 |
| 2011 | 12 | 154 | 166 |
| 2012 | 9 | 136 | 145 |
| 2013 | 15 | 177 | 192 |
| 2014 | 4 | 177 | 181 |
| 2015 | 16 | 178 | 194 |
| 2016 | 18 | 215 | 233 |
| 2017 | 16 | 189 | 205 |
| 2018 | 18 | 183 | 201 |
| 2019 | 6 | 182 | 188 |
| 2020 | 8 | 149 | 157 |
| 2021 | 9 | 199 | 208 |
| 2022 | 9 | 195 | 204 |
| 2023 | 8 | 229 | 237 |
| 2024 | 13 | 228 | 241 |
| 2025 | 10 | 182 | 192 |

**Tafla 2. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni**

| 2025 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Karl | 7 | 70% |
| Kona | 3 | 30% |

**Tafla 3. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri**

| 2025 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| 0-16 ára | 1 | 10% |
| 17-26 ára | 0 | 0% |
| 27-36 ára | 0 | 0% |
| 37-46 ára | 2 | 20% |
| 47-56 ára | 2 | 20% |
| 57-66 ára | 0 | 0% |
| 67 ára og eldri | 5 | 50% |

**Tafla 4. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi**

| 2025 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| janúar-mars | 5 | 50% |
| apríl-júní | 1 | 10% |
| júlí-september | 2 | 20% |
| október-desember | 2 | 20% |

**Tafla 5. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/þéttbýli**

| 2025 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Dreifbýli | 6 | 60% |
| Þéttbýli | 4 | 40% |

**Tafla 6. Vegfarendahópar látinna**

| 2025 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Ökumaður fólksbifreiðar | 4 | 40% |
| Farþegi fólksbifreiðar | 2 | 20% |
| Ökumaður steypubifreiðar | 1 | 10% |
| Ökumaður bifhjóls | 1 | 10% |
| Fótgangandi | 2 | 20% |

**Tafla 7. Tegund banaslysa**

| 2025 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Útafakstur og bílveltur | 2 | 20% |
| Framanákeyrsla | 3 | 30% |
| Hliðarákeyrsla | 1 | 10% |
| Slys á óvörðum vegfaranda | 2 | 20% |
| Annað | 2 | 20% |

**Tafla 8. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum**

| 2025 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 4 | 40% |
| Vesturland | 1 | 10% |
| Austurland | 2 | 20% |
| Suðurland | 3 | 30% |

# Viðauki II. Umferðaröryggisaðgerðir Vegagerðarinnar

Sundurliðað uppgjör fyrir árið 2025

# Samtals

Verkefni eftir landshlutum (*búfjárgöng og einbreiðar brýr innifalið*)

| | Kostnaður |
|---|---|
| Suðursvæði | 114.413.714 kr. |
| Vestursvæði | 122.766.390 kr. |
| Norðursvæði | 126.044.053 kr. |
| Austursvæði | 64.029.768 kr. |
| Samtals | 427.253.925 kr. |

# Suðursvæði:

| Veg- og kaflanúmer | Staður | Aðgerðir 2025 | Kostnaður í lok árs 2025 |
|---|---|---|---|
| 1-a1 | Hringvegur, lenging ræsa austan Núpsvatna. | 6 ræsi sem þarf að yfirfara m.t.t. til lengingar þeirra svo samfella náist á Skeiðarársandinn eftir aðgerðir Austursvæðis þar. Búið að kaupa allt ræsaefni og verða þau sett niður 2026. | 7.490.379 kr. |
| 1-a3 | Hringvegur, ræsi á móts við Orrustuhól. | Sett var framlenging á bæði ræsin sitt hvorum megin, og öryggissvæðið breikkað á enn lengri kafla. | 5.974.808 kr. |
| 1-b5 | Hringvegur, vegamót við flugvélarflak á Sólheimasandi. | Útbúinn var vasi, sem var klæddur, að bílastæðum fyrir flugvélarflak. Vegagerðin greiddi undirbygginguna en landeigandi kostaði klæðinguna. | 4.025.793 kr. |
| 1-c0 | Hringvegur, Hvolsvöllur; blikkljós fyrir hestamenn. | Sett voru blikkljós á Hringveginn vegna þverunar hestaumferðar við Hvolsvöll. Sjálf þverunin var gerð fyrir nokkrum árum síðan. | 3.425.321 kr. |
| 1-d4 | Hringvegur, um Selfoss, girðingarvarnir. | Tekin upp tré, yfirborð steypt. Girt var á milli akstursstefna fyrir framan Íslandsbanka til að koma í veg fyrir umferð gangandi vegfarenda utan skilgreindra göngusvæða. | 12.930.160 kr. |
| 1-d6 | Hringvegur, Selfoss - Hveragerði | Settar voru hvinrendur milli hringtorga. Aðallega unnið 2024, en klárað 2025. | 2.545.688 kr. |
| 1-e1 | Hringvegur, Lögbergsbrekka, blikkljós. | Sett blikkljós og stikur í Lögbergsbrekku þar sem vegur breytist úr tveimur akreinum í eina (tímab. aðgerð). | 740.649 kr. |
| 1-f5 | Hringvegur, vegrið við steyptan vegg í Kollafirði. | Sett var vegrið við Hringveg á móts við steyptan vegg og malarnámu, þannig að nánast er ómögulegt að hitta á enda steypta veggjarins. | 4.433.923 kr. |
| 26-03 | Landvegur, búfjárræsi við Skarð | Sett var niður búfjárræsi í gegnum Landveginn, þvermál ræsis er 2,4 m. | 8.217.611 kr. |
| 30-04 | Skeiða- og Hrunamannavegur, neðan Flúða, við Hrunaveg. | Sett nýtt stórt ræsi og öryggissvæðið þar í kring stækkað. Mótuð leið fyrir gangandi og nokkur tré fjarlægð. | 11.380.524 kr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 32-01 | Þjórsárdalsvegur, ofan Þrándarholts, lagfæring umhverfis. | Restar af stærri framkvæmd sem átti sér stað 2024. | 318.095 kr. |
| 33-01 | Gaulverjabæjarvegur, þverun reiðvegar, framhaldsverk frá 2024. | Kláraðar merkingar á reiðleið sem gerð var 2024, og raflagnavinna frá árinu á undan. | 1.712.200 kr. |
| 34-01 | Eyrarbakkav., miðbær Selfoss. | Innri vinna Vg. vegna raflagna (eldra verk). | 92.945 kr. |
| 34-02 | Eyrarbakkavegur, syðst á Selfossi. | Sett ræsi að steyptri rennu austan megin og vegrið vestan megin. Fyllt var yfir ræsið og mótaður flái. | 3.329.748 kr. |
| 36-01 | Þingvallavegur, vegrið 2 staðir, gróður fjarlægður. | Trjágróður fjarlægður við vegamót Þingvallavegar og Biskupstungnabrautar til að auka vegsýn. Sett var fláavegrið við Ásgarðslæk um 130 m sitthvoru megin, samtals 260 m. Sett fláavegrið við Mölvíkur, samtals um 420 m. | 12.192.736 kr. |
| 39-01 | Þrengslavegur, Skóghlíðarbrekka. | Sett nýtt vegrið í Skóghlíðarbrekku, um 850 m langt. | 24.367.225 kr. |
| 360-03 | Grafningsvegur efri, Torfdalslækur. | Sett fláavegrið beggja vegna yfir ræsi í Torfdalslæk, samtals um 300 m. | 5.316.115 kr. |
| 231 | Vík þjónustustöð | Hraðavaraskilti sem sett voru upp á Hvolsvelli. | 479.110 kr. |
| 232 | Selfoss þjónustustöð | Skilti fyrir hestamenn á vegi 33-01. | 377.498 kr. |
| | Hönnun og umsjón | | 5.063.186 kr. |
| | | | |
| | | **Suðursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2025:** | **114.413.714 kr.** |

# Vestursvæði:

| Veg- og kaflanúmer | Staður | Aðgerðir 2025 | Kostnaður í lok árs 2025 |
|---|---|---|---|
| 1-g1 | Hringvegur. | Klippt voru tré í og við vegsvæðið til að auka sjónlengdir og lágmarka árekstursháttu. | 1.566.295 kr. |
| 1-h1 | Hringvegur. | Klippt voru tré í og við vegsvæðið á norðanverðum Vestfjarðavegi (60-01) á móts við Hringveg 1-h1, en kostnaður er skráður á 1-g9. | 1.007.973 kr. |
| 50-01 | Borgarfjarðarbraut, Seleyri. | Fláar lagaðir. | 2.030.098 kr. |
| 54-02 | Snæfellsnesvegur, sunnan Urriðaár, st. 7400-8000 | Fláar lagaðir. Kostnaður er skráður á veg nr. 50-01 í bókhaldinu. | 15.762.304 kr. |
| 54-13 | Snæfellsnesvegur um Grundarfjörð. | Gerð gangbraut á Grundarfirði. | 2.240.929 kr. |
| 54-16 | Snæfellsnesvegur, Seljadalur. | Ræsi lengt og lagað svæðið þar í kring. | 2.092.686 kr. |
| 54-17 | Snæfellsnesvegur við Bakká og Gríshólsá. | Ræsi var lengt öðrum megin og fláar lagaðir langt út frá ræsinu, milli Bakkár og Gríshólsár að neðanverðu en einnig aðeins að ofanverðu. | 9.633.819 kr. |
| 60-06 | Búðardalur. | Umferðareyja með gangbraut, lýsing, hluti kostnaðar var skráður á verkþ. 006007S. | 7.776.483 kr. |
| 60-07 | Búðardalur. | Sama framkvæmd og 60-07. | 958.496 kr. |
| 61-22 | Djúpvegur við Aratunguá. | Bætt við gátskjöldum sem vantaði á einbreiða brú. | 90.736 kr. |
| 61-34 | Djúpvegur um Seyðisfjörð. | Efni í stefnuörvar keypt, ekki sett upp, mun verðar gert 2026. | 3.306.783 kr. |
| 61-35 | Djúpvegur um Kambsnes. | Efni í stefnuörvar keypt, ekki sett upp, mun verðar gert 2026. | 1.179.848 kr. |
| 61-36 | Djúpvegur um Álftafjörð. | Efni í stefnuörvar keypt, ekki sett upp, mun verðar gert 2026. | 1.206.811 kr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 61-38 | Djúpvegur við Arnarneshamar. | Net keypt til þess að koma í veg fyrir grjóthrun, en eftir er að setja það upp, verður gert 2026. | 10.305.392 kr. |
| 61-42 | Djúpvegur Ísafjarðarbæ. | Gangbraut í Hrannargötu var færð. | 2.051.400 kr. |
| 62-04 | Barðastrandarvegur um Kleifaheiði | Efni í stefnuörvar keypt, ekki sett upp, mun verðar gert 2026. | 3.497.882 kr. |
| 63-02 | Bíldudalsvegur um Mikladal. | Efni í stefnuörvar keypt, ekki sett upp, mun verðar gert 2026. | 944.082 kr. |
| 63-03 | Bíldudalsvegur um Hálfdan. | Efni í stefnuörvar keypt, ekki sett upp, mun verðar gert 2026. | 6.338.826 kr. |
| 68-09 | Innstrandavegur um Kollafjörð; Forvaði. | Vegrið sett st. 4.750 – 5.506 og st. 5.500 – 5.720. | 13.905.864 kr. |
| 503-01 | Innnesvegur, sunnan Leynisbrautar. | Ræsi lokað af öryggisástæðum. | 2.917.600 kr. |
| 574-08 | Útnesvegur um Ólafsvík. | Rannsóknir vegna hraðahindrunar og kostnaður við rekstur á "actibump". | 1.636.144 kr. |
| 612-02 | Örlygshafnarvegur um Hafnarmúla. | Vegrið sett st. 7100 – 8100. | 14.142.707 kr. |
| 451 | Borgarnes þjónustustöð. | Skurður færður frá Hraunhreppsvegi. | 3.156.342 kr. |
| 452 | Ólafsvík þjónustustöð. | Vegfláar lagfærðir á vegkafla 54-14 ásamt ræsalengingum. | 1.183.538 kr. |
| 453 | Búðardalur þjónustustöð | Ræsalengingar á Vestfjarðavegi og Klofningsvegi ásamt lagfæringum á gangbrautarmerkjum í Búðardal. | 1.372.895 kr. |
| 462 | Ísafjörður þjónustustöð | Hreinsun stakra steina á öryggissvæði vega hér og þar. | 1.036.683 kr. |
| 463 | Hólmavík þjónustustöð | Færanleg hraðahindrun fyrir Djúpavík, einungis efniskostnaður, náðist ekki að setja niður, verður gert 2026. | 743.848 kr. |
| | Hönnun og umsjón | | 10.679.926 kr. |
| | | **Vestursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2025:** | **122.766.390 kr.** |

# Norðursvæði:

| Veg- og kaflanúmer | Staður | Aðgerðir 2025 | Kostnaður í lok árs 2025 |
|---|---|---|---|
| 1-k3 | Hringvegur á Hrútafjarðarhálsi. | Áætlað var að mýkja fláa og lengja ræsi. Ræsaefni var keypt og því komið á staðinn. Ekki náðist að semja við verktaka um verklega framkvæmd | 2.805.377 kr. |
| 1-k4 | Vegamót v/Laugarbakka. | Búið var áður að lengja vegrið til austurs frá brú en eftir að lagfæra hjárein, þ.e. lengja hjárein til austurs og leggja klæðingu. | 632.060 kr. |
| 1-k7 | Hringvegur við Gljúfurá | Vegrið lengt og settir vegriðsendar. | 8.015.037 kr. |
| 1-p1 | Hringvegur við ána Gloppu í Öxnadal. | Vegrið lengt og settir vegriðsendar. | 6.577.465 kr. |
| 1-p2 | Hringvegur, vegsvæðið efst á Öxnadalsheiði. | Vegrið lengt og settir vegriðsendar. | 2.718.518 kr. |
| 1-p4 | Hringvegur um Hörgársveit við Laugaland. | Vegrifflur fræstar í miðlínu vegar. | 1.524.348 kr. |
| 1-p5 | Hringvegur um Hörgársveit við Moldhaugnaháls. | Mýking fláa með fláaefni og jöfnun þess. Einnig endurnýjun og lenging ræsa. | 21.212.098 kr. |
| 1-p6 | Hringvegur um Hörgársveit við Lónsbakka. | Lokakostnaður við dropa við leikskólann Álfastein | 41.997 kr. |
| 1-p7 | Hringvegur um Akureyri við Grænugötu. | Gangbrautarljós við Grænugötu sett upp. Umferðarljós á Drottningarbraut við Austurbrú sett upp. Bætt lýsing og uppsetning Toronto ljósa við gangbraut á Drottningarbraut við Aðalstræti. | 18.639.577 kr. |
| 1-r0 | Hringvegur í Mývatnssveit við Laxá. | Vegamót við Laxárbrú breikkuð, settur dropi, merkingar og miðjuefni. | 3.723.876 kr. |
| 35-18 | Kjalvegur við Gilsá, að Blönduvirkjun. | Vegrið sett sem og vegriðsendar. | 11.027.749 kr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 74-04 | Skagastrandarvegur um Skagaströnd. | Öryggisaðgerðir við þveranir, Toronto lýsing og gönguþveranir. | 11.150.781 kr. |
| 76-12 | Siglufjarðarvegur. | Bakfærður kostnaður v. innkaupa á Torontolýsingu. | -341.205 kr. |
| 82-01 | Ólafsfjarðarvegur um Hörgársveit. | Fræsing á vegrifflum frá vegamótum við Hringveg að Hörgárbrú. | 1.683.410 kr. |
| 82-07 | Ólafsfjarðarvegur á Ólafsfirði. | Gönguþverun og lýsing á Ólafsfirði, samstarf við sveitarfélagið Fjallabyggð. | 7.724.453 kr. |
| 83-02 | Grenivíkurvegur við Svalbarðseyri. | Mýking fláa og endurnýjun og lenging ræsis. | 199.156 kr. |
| 85-05 | Norðausturvegur á Húsavík. | Gönguþverun á Húsavík við Norðlenska, götulýsing við þverun og uppsetning á Torontolýsingu. | 3.680.766 kr. |
| 854-01 | Staðarbraut við Laxárvirkjun. | Uppsetning á vegriði. | 2.182.072 kr. |
| 472 | Sauðárkrókur þjónustustöð | Breikkun á aðkeyrslu við Jökulsá Vestari. | 1.095.763 kr. |
| 581 | Akureyri þjónustustöð | Hreinsun á trjágróðri í kringum Þelamörk, Eyjafj.braut eystri og á Vaglaskógarvegi. | 5.339.058 kr. |
| 583 | Þjónustustöð Vopnafirði og Þórshöfn. | Hreinsun á trjágróðri í Öxarfirði (vegur 85-13) | 5.838.926 kr. |
| | Hönnun og umsjón/eftirlit | | 10.572.771 kr. |
| | | | |
| | | **Norðursvæði - Umferðaröryggisaðgerðir 2025:** | **126.044.053 kr.** |

# Austursvæði:

| Veg- og kaflanúmer | Staður | Aðgerðir 2025 | Kostnaður í lok árs 2025 |
|---|---|---|---|
| 1-t6 | Hringvegur um Fagradal. | Ekkert gert en greitt fyrir malarefni frá fyrra ári. | 28.699 kr. |
| 1-u5 | Hringvegur. | Átti að skrifast á 1-u6 (næsta verkefni). | 34.293 kr. |
| 1-u6 | Hringvegur við Steinasafn Petru á Stöðvarfirði. | Sett upphækkuð hellulögð gangbraut og settar grindur á gönguleið. | 669.590 kr. |
| 1-x2 | Hringvegur um Hvalnesskriður. | Hreinsað stórt grjót af öryggissvæði vegar, klappir fleygaðar og mildaðir skorningar á milli stöðva 500 - 3.500. | 6.457.918 kr. |
| 1-y7 | Hringvegur , vindhviðusvæði við Hof. | Vegur breikkaður í 8 m á um 3 km löngum kafla, ræsi lengd, reiðleið lagfærð m. vegi og vegfláar gerðir 1:3. | 28.401.544 kr. |
| 1-z0 | Hringvegur, ræsi austan Morsár. | Efniskostnaður (ræsi), gert ráð fyrir framkvæmd vorið 2026, til að lengja ræsi frá Skaftafelli að Morsá. | 5.774.532 kr. |
| 94-03 | Borgarfjarðarvegur um Eiða. | Farið í trjáfellingar og hreinsun vegsvæðis á nokkrum svæðum á Fljótsdalshéraði. | 2.419.600 kr. |
| 98-02 | Djúpavogsvegur um Djúpavog. | Gerð upphækkuð gangbraut miðsvæðis og sett upp lýsing í Gleðivík. | 3.980.253 kr. |
| 939-01 | Axarvegur. | Kostnaður vegna úttektar. | 49.898 kr. |
| 952-01 | Hánefsstaðavegur um Seyðisfjörð. | Keyptir 3 stk. hraðahindrunarhnallar. | 1.205.966 kr. |
| 583 | Vopnafjörður þjónustustöð. | Keypt efni vegna merkinga við tvær einbreiðar brýr (blikkljós með sólarsellum), Selá og Nýpslón á vegi (85) Norðausturvegi. | 2.657.641 kr. |
| 592 | Fellabær þjónustustöð. | Kantsláttur og trjáfellingar. | 1.378.336 kr. |
| 593 | Reyðarfjörður þjónustustöð. | Jafnaður flái við Streiti og grjót úr fláa fjarlægt. | 708.592 kr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 594 | Höfn þjónustustöð. | Lagfært umhverfi vega. | 1.436.849 kr. |
| | Hönnun og umsjón/eftirlit. | | 8.826.057 kr. |
| | | **Austursvæði – Umferðaröryggisaðgerðir 2025:** | **64.029.768 kr.** |